

Þriðjudaginn 25. nóvember 1975.

Nr. 106/1974. **Jómarco — Jómar og Co h/f**

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

Sigurði M. Helgasyni skiptaráðanda f. h.

þrotabús Jómarco — Jómar og Co h/f

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Benedikt Blöndal hrl.)

Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni

vegna sjálfs sín og Cuper A/G

(Jón N. Sigurðsson hrl.)

Sveini Hauki Valdimarssyni hæstaréttarlögmanni og

Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmanni

(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Úrskurður um gjaldþrotaskipti. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstarétts.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. maí 1974. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úrgildi felldur og stefndu dæmt að greiða sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Sigurður M. Helgason skiptaráðandi f. h. þrotabús Jómarco — Jómar og Co h/f og Gjaldheimtan í Reykjavík krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Jón N. Sigurðsson f. h. Cuper A/G krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar, en krefst sýknu sjálfum sér til handa.

Stefndi Sveinn Haukur Valdimarsson krefst sýknu af kröfum um áfrýjanda.

Stefndi Benedikt Blöndal krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með bréfi 23. október 1973 fór Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður þess á leit við skiptaráðandann í Reykjavík, að bú áfrýjanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta á ábyrgð umhjóðanda hans, Herberts Marinóssonar. Beiðninni fylgdi m. a. endurrit fjárnámsgerðar, er fram fór hjá áfrýjanda 22. maí 1973 að kröfu Herberts Marinóssonar. Var hún árituð um, að hin fjárnúmdu verðmæti hefðu verið seld á nauðungarupphóði 4. júlí 1973, án þess að nokkuð kæmi upp í fjárnámskröfuna.

Með bréfi 25. október 1973 beiddist Sveinn Haukur Valdimarsson hæstaréttarlögmaður þess, að bú áfrýjanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta vegna kröfu samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur í máli Björns Pálssonar gegn áfrýjanda. Þess er þó getanda, að önnur gögn máls benda til þess, að fjárnámsheimildin hafi verið dómssátt í greindu bæjarþingsmáli, en eigi dómur. Gjaldþrotaskiptabeiðninni fylgdi endurrit árangurslausrar fjárnámsgerðar til fullnustu kröfu þessarar.

Gjaldþrotaskiptabeiðnirnar voru teknar fyrir í skiptarétti Reykjavíkur 9. nóvember 1973, en þá var málinu frestað til 11. janúar 1974. Þann dag var málinu enn frestað til 15. febrúar s. á. og síðan til 15. mars s. á.

Með bréfi 15. febrúar 1974 fór Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður f. h. Cuper A/G þess á leit, að bú áfrýjanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Þeirri beiðni fylgdi endurrit dóms bæjarþings Reykjavíkur í máli skiptabeiðanda á hendur m. a. áfrýjanda og endurrit úr fúgetabók um fyrirtöku fjárnámsbeiðni til fullnustu þeim dómi. Var gjaldþrotaskiptabeiðni þessi lögð fram í þinghaldi 15. mars 1974. Þann dag var málinu enn frestað til 22. s. m. Enn var málinu frestað til 5. apríl 1974 og síðan til 9. s. m.

Með bréfi 25. mars 1974 fór Gjaldheimtan í Reykjavík þess á leit, að bú áfrýjanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Sú gjaldþrotaskiptabeiðni var lögð fram í málinu 9. apríl 1974, en þann dag fór fram munnlegur málflutningur fyrir skiptarétti um gjaldþrotaskiptabeiðnirnar.

Kröfu sína fyrir Hæstarétti um, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, byggir áfrýjandi eingöngu á því, að í hinum áfrýjaða úrskurði séu eigi réttilega nafngreindir aðrir gjaldþrotaskiptabeiðendur en Gjaldheimtan í Reykjavík. Verði helst af úrskurðinum ráðið, að framangreindir hæstaréttarlögmenn hafi í eigin nafni beiðst gjaldþrotaskipta á búi áfrýjanda. Umbjóðendur þeirra, sem þó séu hinir eiginlegu skiptabeiðendur, séu hins vegar ekki nafngreindir í úrskurðinum. Sé úrskurðurinn gallaður að formi, sbr. 2. mgr. 190. gr. og 193. gr., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936, og beri því að fella hann úr gildi.

Allir framangreindir hæstaréttarlögmenn kröfðust gjaldþrotaskipta á búi áfrýjanda fyrir hönd nafngreindra umbjóðenda sinna, svo sem fyrr var greint. Sést þetta á gjaldþrotaskiptabeiðnunum sjálfum og öðrum gögnum máls. Áfrýjandi gat því eigi gengið þess dulinn, að hæstaréttarlögmennirnir kröfðust eigi gjaldþrotaskiptanna í eigin nafni, heldur vegna áður nefndra umbjóðenda sinna. Hann hefur þó hvorki áfrýjað málinu gagnvart skiptabeiðendunum Herbert Marinóssyni né Birni Pálssyni. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti, og haggar það ekki þeirri niðurstöðu, að áfrýjandi hefur stefnt hæstaréttarlögmönnum Benedikt Blöndal og Sveini Hauki Valdimarssyni fyrir Hæstarétt.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 20.000 krónur til stefnda Sigurðar M. Helgasonar skiptaráðanda f. h. þrotabús Jómarco — Jómar og Co h/f og 10.000 krónur til hvors hinna stefndu Benedikts Blöndals og Gjaldheimtunnar í Reykjavík.

Aðfinnsluvert er, að í hinum áfrýjaða úrskurði eru skiptabeiðendur eigi nafngreindir á þann hátt, sem rétt var samkvæmt 2. mgr. 190. gr. og 193. gr., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Jómarco — Jómar og Co h/f, greiði máls-

kostnað fyrir Hæstarétti til stefnda Sigurðar M. Helgasonar skiptaráðanda f. h. þrotabús Jómarco — Jómar og Co h/f, 20.000 krónur, og til stefndu Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmans og Gjaldheimtunnar í Reykjavík, 10.000 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 19. apríl 1974.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 9. þ. m. að lokinni venjulegri gagnasöfnun og munnlegum málflutningi, er til komið með þeim hætti, er nú skal greina:

Samkvæmt beiðnum frá Hákonu Árnasyni hæstaréttarlögmanni f. h. Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmans, dags. 23. október 1973, og Sveins Hauks Valdimarssonar hæstaréttarlögmans, dags. 25. október s. á., var gjaldþrotamál á hendur varnaraðilja þingfest hér fyrir dómi 9. nóvember 1973. Mætt var í málinu af hálfu allra aðilja, en frestur tekinn í málinu að beiðni forsvarsmanns gerðarþola. Með bréfi, dags. 15. febrúar 1974, krafðist Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður þess, að bú varnaraðilja yrði tekið til gjaldþrotaskipta, og var það þingfest og sameinað fyrri málunum, þegar þau komu í dóm 15. mars sl. Með samkomulagi mættu aðilja var málinu enn frestað eftir ósk varnaraðilja til föstudagsins 22. mars sl. Þegar málið kom í dóm þann dag, var því frestað vegna forfalla skiptaráðanda, sem haft hafði málið, og nú til 5. apríl. Nú var veittur frestur í málinu til þriðjudags 9. apríl sl. Í því réttarhaldi var lögð fram ný gjaldþrotaskiptabeiðni á gerðarþola frá Gjaldheimtunni í Reykjavík ásamt árangurslausri fjárnámsgerð og það mál sameinað hinum fyrri, og fór í því sama réttarhaldi fram munnlegur málflutningur í málinu, eftir að árangurslaus sáttaumleitan hafði farið fram með aðiljum.

Í 1. gr. gjaldþrotaskiptalaganna nr. 25/1929 segir: „Bú einstaklings, firma eða félags er skylt að taka til gjaldþrotaskipta. ... Eftir kröfu lánardrottins, ef hann sannar með árangurslausri aðför eða löghaldsgerð, eða með játningu skuldunauts, að bú hans hrökkvi ekki fyrir skuldum“. Er úrlausn þessa máls fólgin í því að leysa úr spurningunni um, hvort skilyrði þessa lagaákvæðis sé fullnægt af hálfu skiptabeiðenda, og verður nú í því skyni vikið nánar að málsástæðum og gögnum aðilja.

Eins og sést af því, sem að framan greinir, kom Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður sem skiptabeiðandi inn í mál þetta á eftir tveimur hinna gerðarbeiðendanna, en hann hefur haft frumkvæði um munnlegan flutning málsins sem sóknaraðili og lagt málið í úrskurð. Við munnlegan flutning málsins var Hákon Árnason hæstaréttarlögmaður mættur, en tók ekki til flutnings málsins. Enginn hinna fjögurra skiptabeiðenda hafa afturkallað beiðnir sínar.

Sóknaraðili Jón N. Sigurðsson hefur í sínum málflutningi einkum skírskotað til gjaldþrotabeiðni sinnar á dskj. nr. 6 og dómsgerða í fjárnámsgerð á dskj. nr. 7. Í beiðninni óskar hann eftir, að bú varnaraðilja verði tekið til gjaldþrotaskipta og að fjárnámskröfur umbjóðanda hans verði honum greiddar af eignum búsins ásamt vöxtum og kostnaði. Jafnframt vísar hann bæði til sinnar fjárnámsgerðar, sbr. dskj. nr. 7 frá 23. janúar sl., og fjárnáma hinna gerðarbeiðendanna, sem allar hafa reynst árangurslausar, þar sem ekki hafi verið bent á eignir, sem hægt væri að taka fjárnámi. Samkvæmt því væri ekki aðeins heimilt, heldur og skylt, að taka bú gerðarþola til gjaldþrotaskipta. Áður en frekar verður fjallað um málsástæður aðilja, skal vikið nokkuð að fjárnámsgerð sóknaraðilja Jóns N. Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Fjárnámskrafan nemur svissneskum frönkum 76.045.00 ásamt vöxtum og kostnaði, sbr. dskj. nr. 7. Við gerðina mætti varnaraðili þessa máls ásamt lögmanni, og kvaðst hann ekki geta greitt, en lagði fram reikning á gerðarbeiðanda, samtals að fjárhæð svissneskir frankar 174.488.25. Sérstaklega var bent á, að gerðarþoli ætti mjólkurísvélar í tollvörugeymslunni á Akureyri, sem kostað hafi samtals svissneska franka 17.060.00. Gerðarþoli hafi greitt vélar þessar með víxlum, sem séu innifaldir í fjárnámskröfunni, en gerðarþoli hafi gert kröfu um riftun á kaupum þessum við gerðarbeiðanda. Aðrar eignir en kröfur þessar á gerðarbeiðanda kvaðst gerðarþoli ekki eiga. Lögmaður gerðarbeiðanda mótmælti kröfu þessari á umbjóðanda hans eða að hún gæti verið andlag fjárnáms. Jafnframt hefur hann mótmælt því, að nokkur riftun þeirra kaupa, sem fjárnámskrafan sé sprottin af, hafi farið fram af hálfu gerðarþola. Í lok bókunar fógeta segir: „Gerðinni, sem var að nokkru árangurslaus, lokið“. Ekki verður séð af bókuninni, að fjárnám hafi verið gert í neinu. Við fjárnámsgerðina lagði gerðarbeiðandi, sóknaraðili í máli þessu, fram dóm í bæjarþingsmálinu nr. 5608/1973: Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður f. h. Cuper A/G gegn Jómarco — Jómar & Co h/f og Jó-

hanni Marel Jónassyni, þar sem varnaraðiljar eru in solidum dæmdir til að greiða sóknaraðilja svissneska franka 76.045.00 ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

Undir rekstri þessa máls hefur lögmaður varnaraðilja lagt fram ljósrit af bréfi til utanríkisráðuneytisins með áritaðri móttökukvittun, þar sem þess er óskað, að ráðuneytið sjái um, að hjálögð stefna á hr. Hans Umiker f.h. Cuper A/G Maschinenfabrik, 4147, Kirchgasse, Basel, Switzerland, verði löglega birt. Í stefnu þessari, sem er til sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 19. apríl 1974, gerir varnaraðili í máli þessu kröfu samtals að fjárhæð svissneskir frankar 174.488.25, eða sömu fjárhæð og framangreindur reikningur nam. Sóknaraðili hefur mótmælt kröfum varnaraðilja í greindri stefnu, eins og áður greinir. Þó lýsti hann því yfir við munnlegan flutning málsins, að hann vildi taka til baka fjórar vélar í tollvörugueymslunni á Akureyri að fjárhæð svissneskir frankar 17.060.00. Þá telur sóknaraðili ólíklegt, að varnaraðili eigi háar kröfur á skjólstæðing hans, þar sem hann hafi ekki látið þær koma fram fyrr en raun er á og að hann hafi ekki tilkynnt skjólstæðingi hans galla á mótteknum vörum í tæka tíð.

Lögmaður varnaraðilja kveður framangreinda stefnu hafa verið birta 15. mars sl. og verði málið þingfest 19. apríl 1974, eins og í stefnu greinir. Í andmælum sínum gegn kröfu sóknaraðilja skírskotar hann til þess, að hann eigi kröfu upp á háar fjárhæðir hjá gerðarbeiðanda og sé rétt að ganga út frá því, að krafan sé góð og gild, þar til annað verði dæmt í málinu. Hann kvað hafa verið minnst á kröfu þessa við fjárnámið, en þegar henni hafi verið mótmælt, hafi tæplega verið grundvöllur til að benda á hana sem eign, þar sem ekki hafi verið búið að stefna í málinu. Varnaraðili telur, að fresta beri gjaldþrotamálinu um óákveðinn tíma, eða meðan fjallað sé um framangreinda kröfu fyrir dómstólunum. Loks hefur lögmaður varnaraðilja mótmælt því, að ekki hafi verið tilkynnt um galla á hinum keyptu vörum frá gerðarbeiðanda, það sé fjöldi bréfa til vitnis um hið gagnstæða. Varnaraðili telur sig eiga vel fyrir skuldum svo fremi sem Cuper A/G Maschinenfabrik eigi fyrir skuldum. Loks bendir varnaraðili á, að óeðlilegt sé, að gjaldþrotabeidandi, þ. e. sóknaraðili, fái framgengt þeirri kröfu sinni að gera hann gjaldþrota og svifta hann þar með rétti yfir búi sínu, því með því öðlist hann íhlutunarrétt um það, hvort varnaraðili geti náð rétti sínum.

Samkvæmt stefnunni er krafan vegna andvirðis óseljanlegra véla og gallaðra og endursendra til seljanda, flutningskostnaður fyrir slíkar vélar, tapaður hagnaður og umboðslaun, vegna ferðakostnaðar og andvirðis varahluta í vélar, sem skjólstæðingur sóknaraðilja hafi borið ábyrgð á, o. s. frv., og loks skaðabætur vegna eyðileggingar á erlendum lánaviðskiptum, og nema kröfurnar alls svissneskum frónkum 176.488.25, eins og áður segir. Er í stefnunni nákvæm sundurliðun á kröfunni og ítarleg greinargerð fyrir henni. Ekki er þó efni til að rekja efni stefnunnar frekar hér, þar sem það mál heyrir ekki undir þennan dómstól og ekki lagt þannig fyrir.

Verður nú aftur vikið að því, hvort gerðarbeiðandi hafi fullnægt ákvæðum framan tilvitnaðrar greinar gjaldþrotaskiptalaganna til að fá kröfur sínar teknar til greina um gjaldþrotaskipti hjá varnaraðilja.

Samkvæmt endurritum fúgetagerða samkvæmt dskj. nr. 2 og 5, sem raunar er sama gerðin, var kona forsvarsmanns varnaraðilja mætt við gerðina og gat ekki vísað á eignir til fjárnáms, og reyndist gerðin því árangurslaus. Við fjárnámssgerð Gjaldheimtunnar 14. janúar sl., sbr. dskj. nr. 9, var forsvarsmaður gerðarþola sjálfur mættur og kvaðst ekki geta bent á eignir til uppskriftar, og var bókað, að gerðin væri árangurslaus. Verður þá athugað um þýðingu fjárnámssgerðarinnar, sem sóknaraðili Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður lét fram fara 23. janúar sl. og rakið er að framan. Við gerð þessa benti forsvarsmaður varnaraðilja á vélar, sem munu vera fjórar, í tollvörugeymslunni á Akureyri að kostnaðarverði svissneskir frankar 17.060.00, en jafnframt kemur fram, að hann krefst riftunar á kaupum vélanna vegna galla á þeim, og má því ætla, að þær séu lítils virði, enda ekki vitað til, að fjárnám hafi verið gert í þeim.

Ekki verður því annað sagt en að þessi fjárnámssgerð hafi einnig orðið árangurslaus. Samkvæmt því verður að fallast á það með sóknaraðilja, að fullnægt sé ákvæðum áður greindrar lagagreinar til að skylt sé að taka bú varnaraðilja til gjaldþrotaskipta. Þar sem þessum skilyrðum þykir þannig fullnægt, þykir ekki vera efni til að fresta málinu um óákveðinn tíma, eða meðan framangreint sjó- og verslunardómsmál er óútkljáð fyrir dómstólunum. Verður krafa sóknaraðilja því tekin til greina.

Sigurður M. Helgason borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Bú Jómarco – Jómar & Co h/f, Reykjavík, er tekið til gjald-
protaskiptameðferðar.

Priðjudaginn 25. nóvember 1975.

Nr. 128/1975. **Jóhann Marel Jónasson**

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni

f. h. Cuper A/G

(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Svein-
björnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfa-
son.**

Afrýjun þrotamanns. Frávísun frá Hæstarétti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. júlí 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. júní 1974. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð verði ómerkt, að því er sig varðar, og málinu verði vísað frá héraðsdómi. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er áfrýjanda varðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Stefndi reisir frávísunarkröfu sína á því, að áfrýjandi sé ekki bær um að áfrýja máli þessu. Bú hans sé undir gjaldprotaskiptum og hann hafi ekki fengið heimild skiptafundar eða skiptaráðanda til að áfrýja málinu.

Hinn áfrýjaði dómur er kveðinn upp 9. nóvember 1973.